



## Fundargerð

### 2. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 7. október 2024.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson, Rúnar Þorri Guðnason, boðaði forföll og Óskar Örn Gunnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.06.

#### Almenn mál

1. 2410019 - EP Power Minerals Iceland ehf.

**Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri, EP Power Minerals Iceland ehf., kynnti fyrir Skipulags- og umhverfisstjórn fyrirhugaða uppbyggingu á höfn í Álftaveri.**

2. 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

*Tekið fyrir deiliskipulag fyrir Dalbæjarstapa. Málið var áður tekið fyrir á 191. fundi Skipulagsnefndar Skaftárhrepps. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóð Dalbæjarstapa, l.nr. 236483 sem skipt var út úr landi Ytri-Dalbæjar Skaftárhreppi. Fyrirhugað deiliskipulag mun afmarka lóð, aðkomu, byggingarreiti og sérafnotareiti innan lóðar. Deiliskipulagið mun ná yfir um 2,7<sup>ha</sup> svæði og verður gerð grein fyrir aðkomu frá Holtssvegi. Í Aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en í endurskoðuðu Aðalskipulagi Skaftárhrepps er svæðið skilgreint sem verslunar og þjónustusvæði. Fyrir liggur umsögn Minjavarðar dagsett 8. júlí 2024.*

**Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

3. 2410017 - Laki deiliskipulag

*Tekið fyrir deiliskipulag fyrir Laka í Skaftárhreppi. Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Við stofnun þjóðgarðsins var áformað að efla þjónustu við ferðamenn á svæðinu og er gerð deiliskipulags liður í því, en stefnt er að gerð gönguleiða og uppbyggingu bílastæða og áningarstaðar.*

**Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**



4. 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

*Tekin fyrir fyrirspurn til skipulagsfulltrúa frá Digrakletti ehf, dagsett 2. október 2024. Óskað er eftir afstöðu Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, varðandi byggingaráforma L-laga raðhúss fyrir fjórar íbúðir á lóð Skaftárvalla 30. Meðfylgjandi fyrirspurninni fylgja teikningar af mögulegri útfærslu hússins.*

**Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu og leggur til við umsækjanda að hann komi með tillögu að nýju húsnæði sem er í meira samræmi við núverandi götummynd.**

5. 2401035 - Teygingalækur 163374 vegsvæði

*Lögð fyrir umsókn frá Vegagerðinni um stofnun lóðar fyrir 21.543 m<sup>2</sup> vegsvæði úr landi Teygingalæks, l.nr. 163374. Meðfylgjandi umsókninni fylgir umboð landeiganda sem og uppráttur sem sýnir afmörkun nýrrar lóðar.*

**Skipulags- og umhverfisráð mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.**

6. 2410018 - Sólvellir stofnun lóðar

*Lagt fram erindi frá Punktum og Hnitum ráðgjöf dagsett 4. september 2024. Í erindinu er óskað eftir stofnun lóðar úr landi Flögu 1, l.nr. 163336. Ný lóð ber heitið Sólvellir og er 9.790 m<sup>2</sup> að stærð. Engin stærð er skrá á upprunaland svo að stærð þess breytist ekki. Aðkoma að Sólvöllum verður frá afleggjara sem liggur frá Hrífunesvegi. Sá afleggjari er núna notaður af Flögu lóð 1, l.nr. 163563. Kvöð er á eignum Flögu 1 að hindra ekki aðkomu að nýrri landeign.*

**Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn Skaftárhrepps að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 15.04.

---

Jóhannes Gissurason

---

Elín Heiða Valsdóttir

---

Björn Helgi Snorrason

---

Guðbrandur Magnússon

---

Einar Björn Halldórsson

---

Björn Hafsteinsson